

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 390/2009, um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við reglugerðina:

a. Eftirfarandi breytingar verða á mengunarmarkaskrá:

| EB-nr. | CAS-nr. | Efni | Mengunarmörk | | | | Ath. | Nr. |
|-----------|----------|-----------------------|--------------|-------------------|----------|-------------------|----------------------------------|-----|
| | | | Fyrir 8 tíma | | Þakgildi | | | |
| | | | ppm | mg/m ³ | ppm | mg/m ³ | | |
| 200-753-7 | 71-43-2 | Bensen | 0,2 | 0,66 | | | H, K | |
| 203-466-5 | 107-13-1 | Akrýlnítril | 0,45 | 1 | 1,8 | 4 | H, K og næming húðar | |
| - | - | Nikkelsambönd | - | 0,01 | - | - | K og næming húðar og öndunarfæra | 39) |
| | | | - | 0,05 | - | - | | 40) |
| 204-826-4 | 127-19-5 | N,N-dímetýlasetamíð | 10 | 36 | 20 | 72 | H, K | |
| 202-716-0 | 98-95-3 | Nítróbenzen | 0,2 | 1 | - | - | H, K | |
| 200-679-5 | 68-12-2 | N,N-dímetýlfórmasamíð | 5 | 15 | 10 | 30 | H, K | |
| 203-713-7 | 109-86-4 | 2-metoxýetanól | 1 | - | - | - | H, K | |
| 203-772-9 | 110-49-6 | 2-metoxýetýlasetat | 1 | - | - | - | H, K | |
| 203-804-1 | 110-80-5 | 2-etoxyetanól | 2 | 8 | - | - | H, K | |
| 203-839-2 | 111-15-9 | 2-etoxyetýlasetat | 2 | 11 | - | - | H, K | |
| 212-828-1 | 872-50-4 | 1-metýl-2-pýrrólídón | 10 | 40 | 20 | 80 | H, K | |

b. Á eftir 38. tölul. í lista yfir athugasemdir við mengunarmarkaskrá og samantekt á efnum sem hafa mengunarmörk fyrir örfínt ryk og þræði koma tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

39. Lungnablöðruhluti, mældur sem nikkell.

40. Innandanlegur, mældur sem nikkell.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 38. gr. og 3. mgr. 51. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/431 frá 9. mars 2022 um breytingu á tilskipun 2004/37/EB um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað, sem vísað er til í XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2023, öðlast þegar gildi.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 29. nóvember 2023.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Bjarnheiður Gautadóttir.